



Danska Kvikmyndir
Vorönn 2021

DANS3KD05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari:	Pelle Damby Carøe pellecaroe@fsu.is	Sk.st.	PC
-----------------	---	---------------	-----------

Undanfari: DANS2ME05

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla þætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og ábyrgð í vinnubrögðum.

Kennsla fer að mestu leiti fram á dönsku.

Markmið áfangans er að:

Tal: Nemendur þjálfist í að tala saman af öryggi um námsefni áfangans, að svara fyrirspurnum og færa rök fyrir skoðunum sínum. Nemendur geti gefið nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum og dregið saman niðurstöður.

Hlustun: Nemendur vinni með ýmiss konar hlustunarverkefni, geti skilið sjónvarpsþætti og kvikmyndir án mikilla erfiðleika og geti skilið langan málflutning á dönsku.

Ritun: Nemendur geti tjáð sig skriflega með skýrum og vel samsettum texta í viðeigandi ritstíl hvort heldur sem er um að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins t.d endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

Orðaforði: Nemendur tileinki sér sérhæfan orðaforða í tengslum við námsefni sem unnið er með hverju sinni.

Lestur: Nemendur geti lesið sérfræðigreinar sem tengjast viðfangsefni áfangans.

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • viðeigandi ritstíl í dönsku ritmáli • danskri kvikmyndagerð • flóknum rauntextum • fjölbreyttum orðaforða sem tengist námsefninu • helstu atriðum og þemum í dönskum kvikmyndum
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geta tjáð sig af öryggi og ábyrgð án mikillar umhugsunar • skilja þegar töluð er danska og skilja nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum • nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni • tjá sig skýrt um námsefni sem hann hefur kynnt sér • tjá sig skriflega á skýran og gagnrýnan hátt og valið sér rítstil sem hentar hverju sinni • vinna að skapandi verkefnum þar sem sérhæfð þekking kemur fram • skipuleggja vinnuferli og sýni frumkvæði í vinnubrögðum
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • meta eigið vinnuframlag og annarra • skilja flókið efni jafnvel þótt það tengist ekki hans sérsviði • taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu og tjá afstöðu sína á siðferðislegan hátt • setja fram hugmyndir sínar og skoðarnir af nákvæmni • lesa á milli lína og áttað sig á dýpri merkingu texta • nota málið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt í félagslegum og faglegum tilgangi

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
7. jan. - 31. jan.	Kvikmyndir 1 & 2 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 1 (skriflegt) Ritun 1	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Skrifleg próf
1. feb. - 28. feb.	Kvikmyndir 3 & 4 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 2 (munnlegt) Fræði, bakgrunnur Hlustun 1	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Munnleg próf
1. mar. - 28. mar.	Kvikmyndir 5 & 6 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 3 (stuttmynd) Ritun 2	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Sköpun / stuttmynd
7. apr. - 7. maí.	Kvikmynd 7 & 8 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 4 (frjáls aðferð) Hlustun 2	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Frjáls aðferð

Sérreglur áfangans:

Nemendur verða að **kíkja DAGLEGA á Innu** til að fylgjast með tímasetningu prófa og verkefna og einnig til fylgjast með yfirferð námsefnis í tímum.

Áfanginn er **SÍMATSÁFANGI ÁN LOKAPRÓFS**, en nánast öll verkefni og próf eru metin til lokaeinkunnar.

Nemendur eru hvattir til að senda skilaboð í **Innu** ef einhverja spurninga vakna og **þeim verður svarað á vinnutíma á virkum dögum**.

Fyrirkomulag námsmats:

Símat/leiðsagnarmat sem byggir á verkefnavinnu, þemavinnu, skriflegum og munnlegum prófum. Námsmatið tekur til allra færniþáttanna þ.e.a.s. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Áhugi / ástundun	Innlifun & verkefnaskil	20%
Þemaverkefni	4 próf: Skrifleg (10%), munnleg (10%), stuttmynd (20%), frjáls aðferð (10%)	50%
Ritun	2 próf: Ritun tengt kvikmyndum eða þættir	15%
Hlustun	2 próf: Sjónvarpsefni / þættir	15%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa.

*Kærlig hilsen,
Pelle Damby Carøe*